

Nd.

193. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1954, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að á árinu 1956 skuli, auk 5% uppbótar þeirrar, sem nú er greidd á elli- og örorkulífeyri, greiða uppbót, er nemi sama hundraðshluta og laun opinberra starfsmanna í lægstu launaflokkum verða hærri fyrra misseri 1956 en þau voru fyrra misseri 1955.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 27. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

2. Grunnupphæð hámarksframlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs, sbr. 24. gr. 5. tölul., skal vera kr. 90.00 á ári.
3. Að öðru leyti skulu þau ákvæði laganna, sem falla eiga úr gildi í árslok 1955, vera í gildi til ársloka 1956. Enn fremur skal framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla laga nr. 50 1946 frestað til ársloka 1956, og framlengjast skulu til sama tíma ákvæði III. kafla laga nr. 104/1943, sbr. þó 24. gr. þessara laga og 2. tölul. hér að framan.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frv. að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi grg.:

„Þar eð nú þykir sýnt, að Alþingi muni ekki afgreiða frumvarp til laga um almannatryggingar fyrir næstu áramót, en fjölmörg mikilvæg ákvæði almanna-tryggingalaganna falla úr gildi um næstu áramót, er óhjákvæmilegt að setja fyrir árslok lög um framlengingu nefndra ákvæða. Frumvarp þetta felur í sér þau ákvæði, sem nauðsynleg eru í þessu skyni, svo sem frestun ákvæðanna um framkvæmd heilsugæzlu og framlengingu á ákvæðinu um skerðingu á lífeyrisgreiðslum vegna tekna o. fl.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir, að elli- og örorkulífeyrir verði hækkaður hlutfallslega við hækkun, sem orðin er og verða kann á grunnlaunum opinberra starfsmanna í lægstu launaflokkum frá því á fyrra hluta ársins 1955. Er þetta í samræmi við þá reglu, sem ríkisstjórn og Alþingi hafa jafnan fylgt. Hinn 1. júlí s. l. voru laun þessara opinberu starfsmanna hækkuð um ca. 5%, og í frumvarpi því til launalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir nokkurri hækkun til viðbótar, þannig að grunnlaunahækkunin verði samtals ca. 30% frá því, að launalögin frá 1945 voru sett. Verði launalagafrumvarpið að lögum, nemur hækkun sú á lífeyrinum, sem hér um ræðir, tæplega 10%. Kostnaður trygginganna af þessum sökum er áætlaður að nemi ca. 7 millj. króna, sem jafna skal hlutfallslega á þá aðila, sem bera kostnaðinn við tryggingarnar, og þurfa þá iðgjöld og framlög að hækka um ca. 6%. Hlutur ríkissjóðs í þessari hækkun nemur þannig ca. 2/3 millj. króna.

Enn fremur er lagt til, að takmörkun sú, sem verið hefur á framlögum ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaganna, verði rýmkuð og hámarkið hækkað í kr. 90.00 sem grunnupphæð, sbr. 24. gr. viðaukalaganna, 5. tölul. Kostnaður vegna þessarar breytingar er áætlaður að nema ca. 1¼ millj. króna að því er snertir ríkissjóð og sömu fjárhæð varðandi sveitarfélögin. Þess má geta, að sjúkrasamlög yfirleitt hafa ákveðið iðgjöld sín í þeirri trú, að umrædd hækkun framlagsins fengist lögleidd, á svipaðan hátt og gert hefur verið í síðustu skiptin, sem veruleg hækkun hefur orðið á daggjöldum ríkissjúkrahúsa.“